

# ESB og rekstrarumhverfi fyrirtækja

Skýrsla Evrópustrauma um möguleg áhrif ESB-aðildar á rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja með tilliti til utanríkisverslunar og samkeppnishæfni

Helstu niðurstöður

# Evrópustraumar er sjálfstæð hugveita um Evrópumál

Hvað þýðir aðild að ESB fyrir Ísland; atvinnulíf, neytendur, stjórnsýsluna og stjórn málin?

## Um Halgrím Oddsson

- Hagfræðingur, fv. blaðamaður
- Búsettur í Brussel 2015-

## Um hugveituna

- Evrópustraumar er sjálfstæð hugveita um Evrópumál og mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu.
- Stofnuð í nóvember 2025.
- Eigin útgáfa og starfar með öllum þeim sem vilja greina áhrif aðildar af yfirvegun og frá öllum hliðum.

Engin afstaða til þjóðaratkvæðagreiðslu eða aðildar Íslands að ESB - innlegg í umræðuna!



# evrópustraumar

# ESB og rekstrarumhverfi fyrirtækja

Skýrslan skiptist í þrjá meginkafla um tollamál, gjaldmiðlamál og EES/ESB áherslubreytingar

- Þrjú þættir teknir til sérstakrar skoðunar:

## 1. Tollabandalag ESB

- Staða Íslands á innri markaðinum
- Fríverslunarsamningar Íslands og ESB
- Netverslun
- Áhrif inngöngu í tollabandalagið

## 2. Gjaldmiðlamál

- Stóra myndin: Krónur og evrur
- Maastricht-skilyrðin
- Nærmyndin: Vaxtaumhverfi á Íslandi og í ESB
- Áhrif upptöku evru á eignaverð

## 3. EES-samningurinn og áherslubreytingar ESB

- Markmið um einföldun regluverks og samþættingu
- Aðgerðir ESB til verndar eigin iðnaði
- Áhrif á Íslandi í dag

FÉLAG  ATVINNUREKENDA



**ÍSLENSK-EVRÓPSKA VERSLUNARRÁÐIÐ**  
The Icelandic – EU Trade Council

K A F L I 1

# Tollabandalagið




K A F L I 1 . 1

# Tollar 101: Munurinn á Íslandi og ESB

# Tollabandalagið er einn af hornsteinum ESB

Þrjár meginstoðir undirbyggja vöruviðskipti milli ríkja ESB

1. **Bann við innheimtu tolla í viðskiptum milli aðildarríkja** og allra gjalda sem hafa samsvarandi áhrif.
2. **Sameiginleg ytri tollskrá gagnvart þriðju ríkjum** og sameiginlegar tollreglur.
3. **Sameiginleg viðskiptastefna** við gerð og framkvæmd fríverslunarsamninga við önnur ríki.



# Staða Íslands á innri markaði ESB er sérstök og öfundsverð

EES-samningurinn veitir aðgang að innri markaðinum utan tollabandalagsins.


- Aðild að innri markaði ESB en stöndum utan tollabandalagsins.
- Allar iðnaðarvörur, flest sjávarfang, hluti landbúnaðarvara *með uppruna sinn á Íslandi* með greiðan aðgang að Evrópumarkaði.
- Önnur gjöld geta enn átt við: VSK, úrvinnslugjöld, vörugjöld, skilagjald og fl.



Dettifoss. Mynd: Eimskip


# Ólíkt hafast þau að: Ytri tollar á Íslandi og í ESB

Að búvörum og ákveðnum matvælum undanskildum voru tollar felldir niður á Íslandi í tveimur skrefum.



# Stuðnings- og verndarkerfi íslensks landbúnaðar er með því mesta í heimi

PSE-stuðningsstuðull landbúnaðar er 47% á Íslandi en 16% í ESB.




Heimild: OECD. PSE stendur fyrir Producer Support Estimate og mælir þann stuðning sem búvöruframleiðendur njóta í formi beingreiðslna og tolla.

# Sérstaða búvara: Tollar og tollkvótar

Kjötvrurur eru að stærstum hluta innlendar vegna hárra tolla og tollkvóta

- Tollkvótar gefnir út fyrir ESB (0% tollar), WTO (magn tollar) og fl. svæði.
- Sérstakt útboðsgjald bætist ofan á ESB-kvóta.
- Beingreiðslur stærri hluti stuðnings í ESB – Úthlutað úr kvótapottum ESB samkvæmt reglu um „fyrstir koma, fyrstir fá“.
- Fyrirkomulagið á Íslandi varðar hag bænda og framleiðenda, neytenda, innflutningsfyrirtækja og ríkissjóðs – Hér litið til markaðsáhrifa.



Heimild: Hagstofa Íslands

# Matvælaverð eru mun hærra á Íslandi en í dýrustu ríkjum ESB

Samanburður á verðlagi ýmissa matvæla í dýrustu löndum ESB og ríkjum EFTA (2025).

ESB-meðaltal = 100

Land	HFCE	Matur	Kjöt	Fiskur	Mjólk, ostur, egg	Olía og fita	Grænmeti
Danmörk	140,7	118,5	102,0	128,3	118,3	115,7	122,4
Írland	136,8	112,0	98,8	104,0	111,8	104,8	110,9
Lúxemborg	131,1	124,3	135,4	113,4	121,5	123,1	120,2
Finnland	122,3	107,0	102,3	105,6	106,8	111,1	116,7
Svíþjóð	116,4	105,9	103,8	99,1	101,5	114,8	121,3
Holland	115,1	96,4	108,7	89,1	99,5	119,0	95,9
Meðaltal ESB6	127,1	110,7	108,5	106,6	109,9	114,8	114,6
Ísland	162,1	150,5	169,6	111,7	185,6	122,6	143,8
Sviss	173,0	162,4	225,9	160,0	146,9	172,1	139,8
Noregur	127,2	130,6	138,0	103,9	133,7	115,0	153,4
Meðaltal EFTA3	154,1	147,8	177,8	125,2	155,4	136,6	145,7
<b>Munur á Íslandi &amp; ESB6</b>	<b>+35,0</b>	<b>+39,8</b>	<b>+61,1</b>	<b>+5,1</b>	<b>+75,7</b>	<b>+7,8</b>	<b>+29,2</b>
<b>Hlutfallslegur munur</b>	<b>28%</b>	<b>36%</b>	<b>56%</b>	<b>5%</b>	<b>69%</b>	<b>7%</b>	<b>26%</b>

Heimild: Eurostat, eigin útreikningar. HFCE stendur fyrir Household Final Consumption Expenditure (Neyslukarfa heimilanna).


K A F L I 1 . 2

# Fríverslunarsamningar og utanríkisviðskipti



# Fríverslunarsamningar Íslands


Fríverslunarsamningar Íslands ná til 81 ríkis alls.



Heimild: EFTA

# Fríverslunarsamningar ESB


Fríverslun hvers ríkis ESB nær til um 100 ríkja



Heimild: DG Trade

# Vöruviðskipti Íslands eru að mestu við EES og handfylli annarra


Vöruviðskipti Íslands árið 2025.



Heimild: Hagstofa Íslands.

# Verzlun við Kína eykst og eykst – en ekki aðeins á Íslandi

Fríverslunarsamningur Íslands og Kína er skýrasta dæmið um sjálfstæða viðskiptastefnu



Heimildir: Íslandsstofa, eigin útreikningar, Eurostat.

K A F L I 1 . 3


# Netverslun



# Netverslun er aðgengilegri neytendum í ESB en á Íslandi

Aukin netverslun um heim allan hefur breytt neytendahegðun og haft áhrif á hefðbundna verslunarrekstur

- Íslendingar eru frábærir neytendur og láta ekki pappírsvinnu stöðva sig.
- Netverslun auðveld og aðgengileg innan ESB – engin pappírsvinna, sjálfvirkt VSK-uppgjör og pakkasendingar milli landa líkt og um viðskiptin eigi sér stað milli borga í sama landi.
- Netverslanir stórra vörumerkja gætu opnað fyrir viðskipti við aðild.
- NÝTT: €3 evrur tollur á sendingar frá þriðju ríkjum undir €150 frá 1. júlí.



Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar

K A F L I 1 . 4

# Möguleg áhrif af inngöngu Íslands í (tollabandalag) ESB

# Áhrif aðildar: Breyting en ekki umbylting fyrir iðnaðarvörur

Búvörur frá ESB yrðu tollfrjálsar á Íslandi en ytri tollar almennt myndu hækka fyrir ýmsar aðrar vörur

## ➤ **Tvær breytingar samhliða við aðild:**

1. Ísland þátttakandi í tollabandalaginu þar sem vörur flæða frjálst óháð uppruna.
2. Ísland tekur upp sameiginlega ytri tollastefnu gagnvart þriðju ríkjum og fríverslunarsamninga ESB.

## ➤ **Fyrir útflutning:**

1. Betri eða sambærilegir fríverslunarsamningar taka gildi (t.d. Bretland) og sumir nýir (t.d. Japan).
2. Fríverslun við Kína fellur úr gildi – Áhrif á samkeppnisstöðu fiskútflutjenda.
3. Óvissu sem fylgir EES-samningnum er eytt.
4. Tollar á **allan** útflutning til ríkja ESB hverfa.
5. Tollar Bandaríkjanna hinir sömu í dag innan eða utan ESB – Trump ákveður næstu skref.

## ➤ **Fyrir innflutning:**

1. Almennir tollar á ýmsar vörur hækka – fríverslunarsamningar vega á móti.
2. Sparnaður við tollskýrslur og skrifræði fyrir innflutning frá ESB.
3. Mikil áhrif fyrir landbúnaðarvörur.

K A F L I 2

# Gjaldmiðlamál




K A F L I 2 . 1

# Krónur og evrur: sveiflujöfnun eða verðstöðugleiki

# Verðbólguandið Ísland


Verðbólga 2006–2026 (Samræmd VNV)



Heimild: Eurostat

# Króna eða evra - sveiflujöfnun eða verðstöðugleiki


Samanburður á „erfiðu tímunum“ - fjármálahrunið 2008 og evrukrisuna



Heimild: Eurostat

# Króna eða evra - sveiflujöfnun eða verðstöðugleiki


Samanburður á „erfiðu tímunum“ - fjármálahrúnið 2008 og evrukrisuna



Heimild: Eurostat

# Verðbólgan er ólseig og verðtryggingin víðtæk

Virði 100 krónu myntar sem setið hefur ofan í skúffu frá aldamótum...



Heimild: Hagstofa Íslands (m.v. vísitölu neysluverðs, með húsnæði). Janúar 2000 – febrúar 2026

K A F L I 2 . 2

# Maastricht-skilyrðin



# Maastricht-skilyrðin útlista kröfurnar til upptöku evru


Samanburður við Maastricht-skilyrðin er æfing

	Skilyrði	Lýsing
1	<b>Verðstöðugleiki</b>	Verðbólga má ekki vera meiri en 1,5 prósentum hærri en meðaltal verðbólgu í þeim þremur ESB-löndum sem hafa hagstæðustu verðbólguþróunina (m.v. HICP).
2	<b>Vaxtamunur</b>	Nafnvextir langtímavaxta (10 ára ríkisskuldabréf) mega ekki vera meira en 2 prósentum hærri en langtímavextir í þeim þremur ESB-löndum sem hafa hagstæðustu verðbólguþróunina.
3	<b>Stöðugleiki í gengismálum</b>	Ríki skal vera aðili að gengissamstarfi Evrópu (ERM II) í að minnsta kosti tvö ár án gengisfellingar. Gjaldmiðill má ekki sveiflast meira en $\pm 15\%$ í kringum ákveðið miðgildi ERM II.
4	<b>Afkoma hins opinbera</b>	Halli á rekstri hins opinbera má ekki vera meiri en sem nemur 3% af vergri landsframleiðslu (VLF).
5	<b>Skuldir hins opinbera</b>	Skuldir hins opinbera mega ekki vera meiri en sem nemur 60% af VLF eða að skuldahlutfallið stefni nægilega hratt að því marki ef það er hærra.
6	<b>Löggjöf</b>	Löggjöf (þ.m.t. seðlabankalög) þarf að vera í samræmi við sáttmála ESB og tryggja sjálfstæði seðlabankans.



# Ísland hefur sjaldan uppfyllt skilyrði um stöðugt verðlag


Skilyrði 1: Verðstöðugleiki – Verðbólga má ekki vera meira en 1,5% hærri en meðaltal þriggja ESB-ríkja sem mestan verðstöðugleika hafa



Heimild: Konráð S. Guðjónsson (Eurostat, 2000-2024), Evrópustraumar (Eurostat, 2025)

# Ísland hefur sjaldan uppfyllt skilyrði um stöðugt verðlag

Skilyrði 2: Vaxtastig – Langtímanafnvextir mega ekki vera meira en 2% hærri en langtímavextir í þremur ríkjum ESB með mestan verðstöðugleika




Heimild: Konráð S. Guðjónsson (Eurostat, 2000-2024), Evrópustraumar (Eurostat, 2025)

# Gengi krónunnar hefur sveiflast „með ágætum“

Skilyrði 3: Gengistöðugleiki – Ríki skal vera aðili að ERM II í tvö ár án gengisfellinga og gjaldmiðill má ekki sveiflast meira en  $\pm 15\%$


Gengi krónu gagnvart evru



Heimild: Konráð S. Guðjónsson, Evrópustraumar (Seðlabanki Íslands)

# Afkoma hins opinbera var árið 2025 innan við 3% af VLF


Skilyrði 4: Afkoma hins opinbera – Halli á rekstri ríkissjóðs má ekki vera meiri en 3% af VLF



Heimild: Konráð S. Guðjónsson (Eurostat, Hagstofa Íslands), Evrópustraumar.

# Skuldir hins opinbera fóru undir viðmið árið 2024

Skilyrði 5: Skuldir hins opinbera – Skuldastaða má ekki vera meiri en 60% af VLF eða að skuldahlutfallið stefni hratt í þá átt



Heimild: Konráð S. Guðjónsson (Eurostat, Hagstofa Íslands), Evrópustraumar.

# Árangurinn: Þrír af fimm

Ísland jafnaði sinn „besta“ árangur árið 2025 en Maastricht-skilyrðum um verðbólgu og vexti er fjarri því uppfyllt

	'01	'02	'03	'04	'05	'06	'07	'08	'09	'10	'11	'12	'13	'14	'15	'16	'17	'18	'19	'20	'21	'22	'23	'24	'25
Verðbólga	Red	Red	Red	Red	Green	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Green	Green	Red	Red	Red	Green	Red	Red	Red
Vextir	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Green	Red	Red	Red
Afkoma	Green	Green	Green	Green	Green	Green	Green	Red	Red	Red	Red	Green	Green	Green	Green	Green	Green	Green	Green	Red	Red	Red	Green	Red	Green
Skuldir	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Red	Green	Green
Gengi	Red	Green	Green	Green	Green	Red	Green	Red	Red	Red	Green	Green	Green	Green	Green	Green	Red	Green	Green	Green	Green	Green	Green	Green	Green

Heimild: Konráð S. Guðjónsson (Eurostat, Hagstofa Íslands), Evrópustraumar. Grænt=uppfyllt, rautt=óuppfyllt

# Upptaka evru tekur tíma – Þrjú til nítján ár frá inngöngu

Peningamál ein tryggja ekki stöðugleika verðlags, vinnumarkarkaðar né skuldastöðu hins opinbera.

Land og inngönguár	ERM II	Upptaka evru	Árafjöldi að upptöku frá inngöngu / ERM II
Belgía, Frakkland, Holland, Ítalía, Lúxemborg, Þýskaland (1958); Írland (1973); Portúgal, Spánn (1986); Austurríki, Finnland (1995)		1999	–
Grikkland (1981)	1999	2001	/ 2
Slóvenía (2004)	2004	2007	3 / 3
Kýpur (2004)	2005	2008	4 / 3
Malta (2004)	2005	2008	4 / 3
Slóvakía (2004)	2005	2009	5 / 4
Eistland (2004)	2004	2011	7 / 7
Lettland (2004)	2005	2014	10 / 9
Litáen (2004)	2004	2015	11 / 11
Króatía (2013)	2020	2023	10 / 3
Búlgaría (2007)	2020	2026	19 / 6


K A F L A R 2 . 3 – 2 . 4

# Vaxtaumhverfi og eignaverð



# Vextir á fyrirtækjalánum 3-6% hærri á Íslandi en á evrusvæðinu


Engin nýmæli að verðbólga sé hærri á Íslandi en í flestum öðrum Evrópuríkjum – 5,2% á Íslandi og 3,0% á evrusvæðinu í apríl 2026.



# Vaxtastig á Íslandi myndi lækka með upptöku evru

Vaxtakjör sem taka mið af vaxtastigi evrusvæðisins eru eðlilega betri en á Íslandi – hversu mikið og fljótt það myndi gerast er óljósara

- Mat sérfræðinga að vaxtaumhverfið myndi breytast með upptöku evru.
- Lánavextir myndu taka mið af evruvöxtum, bankalán fjármögnuð af evruinnlánnum og skuldabréfum í evrum.
- Afnám gengisáhættu í viðskiptum við evrusvæðið - mögulega aukin samkeppni á bankamarkaði.
- Áfram myndu vextir taka mið af innlendum þáttum – endanleg áhrif til lækkunar óljós og inn í framtíð.




# Eignaverð myndi hækka ef trú á lægra vaxtastig eykst

Lægra vaxtastig yrði til hækkunar á eignamörkuðum hvort sem er vegna inngöngu í ESB (og upptöku evru) eða ekki

- Vextir ↓ → eignaverð ↑
- Ekki markmið í sjálfu sér að hækka eignaverð
- Króatía er dæmi þar sem áhrif voru jákvæð: stöðugra verðlag, minni gengisáhætta, betri viðskiptakjör, aukinn hagvöxtur – en fasteignaverð hækkað verulega.
- Covid-tímabilið hægt að skoða til samanburðar (með nauðsynlegum fyrirvörum)
- Aðgengi erlendra fjárfesta eykst
- Ef markaðir eru framsýnir þá koma áhrifin fram *áður* en við göngum inn/tökum upp evru.

Breytingar á OMX15, meginvöxtum SÍ og verðbólgu 2018-2026



K A F L I 3

# Pólitískir straumar og EES-samningurinn



# Áhersla á samkeppnishæfni, framleiðni & strategískt sjálfræði

ESB reynir að spyrna við fótum með því að fylgja tillögum Draghis og fl.

- Markmiðin í Evrópu:
  - Aukin framleiðni
  - Aukin samkeppnishæfni
  - Meira öryggi
  - Strategískt sjálfræði
- Ástæðan:
  - Hagvöxtur lítill í samanburði við Kína og BNA (Draghi)
  - Innrás Rússlands í Úkraínu
  - Donald Trump
- Evrópa gengst við veikleikum og ytri ógnum - og vill spyrna við fótum.
- Hvernig gengur? Dómur er ekki fallinn.



# Ein Evrópa, einn markaður

Áætlun ESB frá mars 2026 setur tímasett markmið fyrir innleiðingu veigamikilla áherslubreytinga.

1

## Bandormarnir – Einföldun regluverks

- Omnibus I einfaldaði sjálfbærniregluverk og minnkaði stjórnslubyrði.
- Næstu bandormar eiga að einfalda regluverk tengt gervigreind, skattlagningu og orkumálum.

2

## Iðnaðarhraðall & #MadeinEurope

- “Strategískt mikilvægur” iðnaður meðhöndlaður sérstaklega.
- Auka þarf iðnframleiðslu úr 14% af VLF í 20%
- Stál, ál, bifreiðar og hreintæknivörur.
- *Made in Europe* á að beina kaupendum að evrópskum framleiðendum.

3

## Hræðilegar hindranir og ESB hf.

- Afnáam tíu *hræðilegra* hindrana sem enn eru til staðar á innri markaðinum
- Stofnun 28. ríkisins og greiðari leið að stofnun fyrirtækja innan ESB

4

## Fjárfestinga- og sparnaðarbandalag

- Nauðsynlegt að beina sparnaði í fjárfestingar
- Þörfin metin á 750-800 ma. evra.

# Ólíkar birtingarmyndir: Meiri fríverslun, fleiri verndaraðgerðir

Aðgerðir ESB til verndar eigin iðnaði hefur bitnað á Íslandi

- Evrópa getur beitt sínum helstu styrkleikum á tvo ólíka vegu:  
Með aukinni vernd eða auknum viðskiptum.
- Nýir fríverslunarsamningar við Mercosur-löndin (2025),  
Indland (2026) og Ástralíu (2026)
- Nýlegar verndarráðstafanir sýna að ESB er reiðubúið að beita sér – og ekki bara gegn Kína
  - Kínverskur innflutningur á sykurmaís, stálhólkum, kertum, áloxíð, hauslausum skrúfum, rafbílum og fl. og fl. er takmarkaður
- Verndaraðgerðir fyrir kísiljárnframleiðslu voru hinar fyrstu sem beinast gegn EES-EFTA ríkjum



# Ívilnandi og í minna mæli íþyngjandi regluverk kemur frá ESB

Áætlaður ávinningur af tollfríðindum EES-samningsins er 26,6 milljarðar króna (2024)

- Fleiri annmarkar og áhættuþættir EES:  
Innbyggðar tafir, tregða til að innleiða einstök mál, vanþekking innan ESB og sífellt víðtækari löggjöf ESB.
- **ESB hefur breyst frá 1994 en EES ekki.**
- >500 ESB-gerðir bíða upptöku í EES samninginn og > 100 reglugerðir & tilskipanir bíða innleiðingar í íslenskan landsrétt.
- Hefur áhrif á samkeppnishæfni Íslands sem vill vera samanburðarhæft – sérstaklega þegar breytingarnar eru ívilnandi.
- Eftir sem áður er samband ESB og EFTA ríkjanna – hagur ríkjanna að svo verði árfam.





*Það eru heilræði hvers skynsams húsbónda, að reyna að framleiða aldrei heima fyrir það sem kostar hann meira að gera sjálfur en að kaupa.*

---

**Adam Smith**

*Auðlegð þjóðanna (1776)*

Takk fyrir.